

Til minnis

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 14. júní 2021 var lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar dags. 9. júní 2021 með eftirfarandi tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði:

Borgarráð samþykkir að skipa samráðshóp um framtíð Skotfélag Reykjavíkur. Hópurinn verði skipaður tveimur fulltrúum frá Reykjavíkurborg og tveimur frá Skotfélaginu, til að fara yfir framtíðartilhögun aðstöðunnar og gera tillögu um mögulegt framtíðarsvæði fyrir Skotfélagið. Samráðshópur skili tillögu sinni til borgarráðs fyrir 1. desember 2021.

Tillagan er send til meðferðar menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs og í samræmi við breytt verklag við fundi borgarráðs er tillagan nú á forræði menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs.

Lagt er til að fulltrúar frá ÍTR, USK og ÍBR taki upp viðræður við fulltrúa Skotfélags Reykjavíkur til að fara yfir aðstöðumál félagsins. Samráð verði haft við fulltrúa heilbrigðiseftirlitsins.



Ómar Einarsson.